- 2) Hinn 22. júlí 2014 samþykkti ráðið að víkka út þvingunaraðgerðirnar með það að markmiði að þær nái til einstaklinga eða rekstrareininga sem veita, með virkum hætti, efnislegan eða fjárhagslegan stuðning til rússneskra ákvarðanatökuaðila, sem bera ábyrgð á innlimun Kríms eða því að grafa undan stöðugleika í austanverðri Úkraínu, eða sem hagnast á þeim.
- 3) Hinn 25. júlí 2014 samþykkti ráðið ákvörðun 2014/499/SSUÖ ⁽³⁾ sem breytir ákvörðun 2014/145/SSUÖ og kveður á um breyttar viðmiðanir fyrir skráningu á lista, þannig að hann geti tekið til einstaklinga eða lögaðila sem veita, með virkum hætti, efnislegan eða fjárhagslegan stuðning til rússneskra ákvarðanatökuaðila, sem bera ábyrgð á innlimun Kríms eða því að grafa undan stöðugleika í austanverðri Úkraínu, eða sem hagnast á þeim.
- 4) Þessi aðgerð fellur undir gildissvið sáttmálans og því er lagasetning á vettvangi Evrópusambandsins nauðsynleg til að hrinda henni í framkvæmd, einkum til að tryggja sé að henni sé beitt með sama hætti í öllum aðildarríkjunum.
- 5) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 269/2014 til samræmis við það.
- 6) Reglugerð þessi ætti að öðlast gildi án tafar til þess að tryggja sé að þær aðgerðir sem þar er kveðið á um skili árangri.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi komi í stað 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 269/2014:

„1. Í I. viðauka skal telja:

- a) einstaklinga sem bera ábyrgð á, styðja með virkum hætti eða framkvæma aðgerðir eða stefnur, sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu eða stöðugleika eða öryggi í Úkraínu, eða sem hindra starf alþjóðastofnana í Úkraínu, og einstaklinga eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem þeim tengjast,
- b) lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem styðja efnislega eða fjárhagslega aðgerðir sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu,
- c) lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir á Krím eða í Sevastopol, þar sem eignarhald hefur verið yfirfært í trássi við úkraínsk lög, eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem hafa hagnast á slíkri yfirfærslu eða
- d) einstaklinga eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnanir sem veita, með virkum hætti, efnislegan eða fjárhagslegan stuðning til rússneskra ákvarðanatökuaðila, sem bera ábyrgð á innlimun Kríms og Sevastopol eða því að grafa undan stöðugleika í austanverðri Úkraínu, eða sem hagnast á þeim.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Fyrir hönd ráðsins,

S. GOZI

forseti.

Fylgiskjal 10.**ÁKVÖRDUN RÁÐSINS 2014/508/SSUÖ**

frá 30. júlí 2014

um breytingu á ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu.

Aðilum og rekstrareiningum, sem getið er í viðauka við ákvörðun þessa, skal bætt við viðauka við ákvörðun 2014/145/SSUÖ.

VIÐAUKI

Skrá yfir aðila og rekstrareiningar sem um getur í 1. gr.

Einstaklingar.

	Nafn	Upplýsingar til auðkenningar	Ástæður	Dagsetning færslu á lista
1.	Alexey Alexeyevich GROMOV Алексей Алексеевич Громов	Born on 31.5.1960; in Zagorsk (Sergiev Posad)	As first Deputy Chief of Staff of the Presidential Administration, he is responsible for instructing Russian media outlets to take a line favourable with the separatists in Ukraine and the annexation of Crimea, therefore supporting the destabilisation of Eastern Ukraine and the annexation of Crimea.	30.7.2014
2.	Oksana TCHIGRINA Оксана Чигрина		Spokesperson of the so called 'government' of the so called 'Lugansk People's Republic' who made declarations justifying inter alia the shooting down of a Ukrainian military airplane, the taking of hostages, fighting activities by the illegal armed groups, which have as a consequence undermined the territorial integrity, sovereignty and unity of Ukraine.	30.7.2014
3.	Boris LITVINOV Борис Литвинов		As of 22 July, chairman of the so-called 'Supreme Council' of the so called 'Donetsk People's Republic' who was at the source of policies and the organisation of the illegal referendum leading to the proclamation of the so-called 'Donetsk People's Republic', which constituted a breach of the territorial integrity, sovereignty and unity of Ukraine.	30.7.2014
4.	Sergey ABISOV Сергей Вадимович Абисов	Born on 27.11.1967	By accepting his appointment as so-called 'Minister of Interior of the Republic of Crimea' by the President of Russia (decree No. 301) on 5 May 2014 and by his actions as so-called 'Minister of Interior' he has undermined the territorial integrity, sovereignty and unity of Ukraine	30.7.2014
5.	Arkady Romanovich ROTENBERG Аркадий Романович Ротенберг	Born on 15.12.1951 in Leningrad (St Petersburg)	Mr Rotenberg is a long-time acquaintance of President Putin and his former judo sparring partner. He has developed his fortune during President Putin's tenure. He has been favoured by Russian decision-makers in the award of important contracts by the Russian State or by State-owned enterprises. His companies were notably awarded several highly lucrative contracts for the preparations of the Sochi Olympic Games. He is a major shareholder of Giprotransmost, a company which has received a public procurement contract by a Russian State-owned Company to conduct the feasibility study of the construction of a bridge from Russia to the	30.7.2014

			illegally annexed Autonomous Republic of Crimea, therefore consolidating its integration into the Russian Federation which in turn further undermines the territorial integrity of Ukraine.	
6.	Konstantin Valerevich MALOFEEV Константин Валерьевич Малофеев	Born on 3.7.1974 in Puschino	Mr Malofeev is closely linked to Ukrainian separatists in Eastern Ukraine and Crimea. He is a former employer of Mr Borodai, so-called Prime Minister of the so-called 'Donetsk People's Republic' and met with Mr Aksyonov, so-called Prime Minister of the so-called 'Republic of Crimea', during the period of the Crimean annexation process. The Ukrainian Government has opened a criminal investigation into his alleged material and financial support to separatists. In addition, he gave a number of public statements supporting the annexation of Crimea and the incorporation of Ukraine into Russia and notably stated in June 2014 that 'You can't incorporate the whole of Ukraine into Russia. The East (of Ukraine) maybe'. Therefore Mr. Malofeev is acting in support of the destabilisation of Eastern Ukraine.	30.7.2014
7.	Yuriy Valentinovich KOVALCHUK Юрий Валентинович Ковальчук	Born on 25.7.1951 in Leningrad (St Petersburg)	Mr Kovalchuk is a long-time acquaintance of President Putin. He is a co-founder of the so-called Ozero Dacha, a co-operative society bringing together an influential group of individuals around President Putin. He is benefiting from his links with Russian decision-makers. He is the chairman and largest shareholder of Bank Rossiya, of which he owned around 38 % in 2013, and which is considered the personal bank of Senior Officials of the Russian Federation. Since the illegal annexation of Crimea, Bank Rossiya has opened branches across Crimea and Sevastopol, thereby consolidating their integration into the Russian Federation. Furthermore, Bank Rossiya has important stakes in the National Media Group which in turn controls television stations which actively support the Russian government's policies of destabilisation of Ukraine.	30.7.2014
8.	Nikolay Terentievich SHAMALOV Николай Терентьевич Шамалов	Born on 24.1.1950	Mr Shamalov is a long-time acquaintance of President Putin. He is a co-founder of the so-called Ozero Dacha, a co-operative society bringing together an influential group of individuals around President Putin. He benefits from his links with Russian decision-makers. He is the second largest shareholder of Bank Rossiya, of which he owned around 10 % in 2013, and which is considered the personal bank of Senior Officials of the Russian Federation. Since the illegal annexation of Crimea, Bank Rossiya has opened branches across Crimea and Sevastopol, thereby consolidating their integration into the Russian Federation. Furthermore, Bank Rossiya has important stakes in the National Media Group which in its turn controls television stations which actively support the Russian government's policies of destabilisation of Ukraine.	30.7.2014

Rekstrareiningar.

	Heiti	Upplýsingar til auðkenningar	Ástæður	Dagsetning færslu á lista
1.	JOINT-STOCK COMPANY CONCERN ALMAZ-ANTEY (a.k.a. ALMAZ-ANTEY CORP; a.k.a. ALMAZ-ANTEY DEFENSE CORPORATION; a.k.a. ALMAZ-ANTEY JSC;), ОАО «Концерн ПВО „Алмаз-Антей“»	41 ul. Vereiskaya, Moscow 121471, Russia; Website: almaz-antey.ru; Email Address antey@almaz-antey.ru	Almaz-Antei is a Russian state-owned company. It manufactures anti-aircraft weaponry including surface-to-air missiles which it supplies to the Russian army. The Russian authorities have been providing heavy weaponry to separatists in Eastern Ukraine, contributing to the destabilization of Ukraine. These weapons are used by the separatists, including for shooting down airplanes. As a state-owned company, Almaz-Antei therefore contributes to the destabilization of Ukraine.	30.7.2014
2.	DOBROLET aka DOBROLYOT Добролет/Добролёт	Airline code QD International Highway, House 31, building 1, 141411 Moscow 141411, Москва г, Международное ш, дом 31, строение 1 Website: www.dobrolet.com	Dobrolet is a subsidiary of a Russian state-owned airline. Since the illegal annexation of Crimea Dobrolet has so far exclusively operated flights between Moscow and Simferopol. It therefore facilitates the integration of the illegally annexed Autonomous Republic of Crimea into the Russian Federation and undermines Ukrainian sovereignty and territorial integrity.	30.7.2014
3.	RUSSIAN NATIONAL COMMERCIAL BANK РОССИЙСКИЙ НАЦИОНАЛЬНЫЙ КОММЕРЧЕСКИЙ БАНК	License of the Central Bank of Russia No. 1354 Russian Federation, 127 030 Moscow, Krasno proletarskaya street 9/5.	After the illegal annexation of Crimea, Russian National Commercial Bank (RNCB) became fully owned by the so-called 'Republic of Crimea'. It has become the dominant player in the market, while it had no presence in Crimea before the annexation. By buying or taking over from branches of retreating banks operating in Crimea, RNCB supported materially and financially the actions of the Russian government to integrate Crimea into the Russian Federation, thus undermining Ukraine's territorial integrity.	30.7.2014

Fylgiskjal 11.**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) nr. 826/2014
frá 30. júlí 2014****um framkvæmd reglugerðar (ESB) nr. 269/2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu.**

VIDAUKI

Skrá yfir aðila og rekstrareiningar sem um getur í 1. gr.

Viðaukinn er ekki birtur hér en þess í stað visast í viðauka við ákvörðun 2014/508/SSUÖ, sbr. fylgiskjal 25.

Fylgiskjal 12.**ÁKVÖRDUN RÁÐSINS 2014/512/SSUÖ**

frá 31. júlí 2014

um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu.

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið, einkum 29. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hinn 6. mars 2014 fordæmdu ríkis- eða ríkisstjórnarleiðtogar Evrópusambandsins harðlega tilefnislaus brot Rússneska sambandsríkisins gegn fullveldi og landamærahelgi Úkraínu og hvöttu Rússneska sambandsríkið til að kalla heraflla sinn þegar í stað aftur til fastra herstöðva sinna í samræmi við viðeigandi samninga. Þeir lýstu því yfir að frekari aðgerðir Rússneska sambandsríkisins til að grafa undan stöðugleika í Úkraínu, myndu hafa í för með sér frekari og víðtækar afleiðingar hvað varðar samskipti á fjölmörgum sviðum efnahagslífsins milli Evrópusambandsins og aðildarríkja þess annars vegar og Rússneska sambandsríkisins hins vegar.
- 2) Hinn 17. mars 2014 samþykkti ráðið ákvörðun 2014/145/SSUÖ um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu ⁽¹⁾ þar sem ráðið lagði á ferðatakmarkanir og kvað á um aðgerðir varðandi frystingu eigna.
- 3) Hinn 21. mars 2014 minnti leiðtogaráðið á yfirlýsingu ríkis- eða ríkisstjórnarleiðtoga frá 6. mars 2014 og fór fram á það við framkvæmdastjórnina og aðildarríkin að þau undirbyggju hugsanlegar markvissar aðgerðir.
- 4) Hinn 27. maí, 27. júní og 16. júlí 2014 veittu ríkis- eða ríkisstjórnarleiðtogar Evrópusambandsins því athygli að undirbúningsvinna framkvæmdastjórnarinnar, utanríkisþjónustu Evrópusambandsins og aðildarríkjanna að hugsanlegum markvissum aðgerðum væri hafin þannig að grípa mætti til frekari aðgerða án tafar.
- 5) Hinn 22. júlí hvatti ráðið Rússneska sambandsríkið til að beita áhrifum sínum gagnvart ólöglegum vopnum hópum til þess að tafarlaust mætti ná fullum og öruggum aðgangi að brotlandingarstað malasisku flugvélarinnar MH17 í Donetsk, fullri samvinnu við að endurheimta líkamsleifar og eigur og fullri samvinnu um óháða rannsókn, þ.m.t. óhindruðum aðgangi að svæðinu eins lengi og þörf krefur vegna rannsóknarinnar og mögulegra rannsókna síðar til að fylgja henni eftir.
- 6) Ráðið hvatti Rússland einnig til að stöðva vaxandi flæði vopna, búnaðar og bardagamanna yfir landamærin til þess að ná skjótum og áþreifanlegum árangri við að draga úr hernaðarumsvifum. Ráðið hvatti Rússland enn fremur til þess að draga til baka viðbótarheraflla sinn frá landamærasvæðinu.
- 7) Ráðið minnti enn fremur á fyrri skuldbindingar leiðtogaráðsins og lýsti því yfir að það væri reiðubúið til að taka án tafar upp frekari og verulegar þvingunaraðgerðir ef Rússland byði ekki fram fulla og tafarlausu samvinnu sína að því er varðar framangreindar kröfur. Ráðið fór fram á það að framkvæmdastjórnin og utanríkisþjónusta ESB legðu lokahönd á undirbúning mögulegra markvissra aðgerða og legðu fram tillögur, eigi síðar en 24. júlí, um að grípa til aðgerða, þ.m.t. sem taka til aðgangs að fjármagnsmörkuðum, varna, vara með tvíþætt notagildi og viðkvæmrar tækni (e. sensitive technologies), einnig á sviði orkumála.
- 8) Með tilliti til þess hve alvarlegt ástandið er telur ráðið rétt að grípa til þvingunaraðgerða til að bregðast við aðgerðum Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu.
- 9) Í þessu samhengi er rétt að banna að eiga viðskipti með, veita fjármögnun eða fjárfestingarþjónustu varðandi eða að höndla á annan hátt með ný skuldabréf eða eiginfjárluta eða sambærilega fjármálagerninga með lengri binditíma en 90 daga, sem fjármálastofnanir í eigu rússneska ríkisins gefa út, þó ekki stofnanir á rússnesku landsvæði með stöðu alþjóðastofnunar samkvæmt milliríkjasamningum og þar sem Rússland er einn af hluthöfunum þetta bann hefur ekki áhrif á lánveitingar til eða af hálfu þessara fjármálastofnana í eigu rússneska ríkisins óháð binditíma þeirra.
- 10) Enn fremur ættu aðildarríkin að banna sölu, afhendingu, tilfærslu og útflutning á vopnum og hvers kyns skyldum hergögnum til Rússlands. Einnig ætti að banna kaup á vopnum og hvers kyns skyldum hergögnum frá Rússlandi.
- 11) Enn fremur ætti að banna sölu, afhendingu, tilfærslu og útflutning á vörum með tvíþætt notagildi til hernaðarlegra nota eða til endanlegra notenda á sviði hermála í Rússlandi. Þetta bann ætti ekki að hafa

áhrif á útflutning á vörum og tækni með tvíþætt notagildi, þ.m.t. til flug- og geimiðnaðar, til annarra nota en hernaðarlegra og/eða til endanlegra notanda á öðrum sviðum en hernaðarlegum.

- 12) Banna ætti sölu, afhendingu, tilfærslu og útflutning á tilteknum viðkvæmum vörum og tækni (e. sensitive goods and technologies) þegar til stendur að nota þær til olíuleitar og -vinnslu í djúpu vatni, á norðurskautinu eða til leirsteinsolíuverkefna.
- 13) Frekari aðgerða er þörf af hálfu Evrópusambandsins til þess að hrinda tilteknum aðgerðum í framkvæmd.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Bein eða óbein kaup eða sala, miðlun, aðstoð við útgáfu eða önnur viðskipti með skuldabréf, eiginfjárhliuti eða sambærilega fjármálagerninga með lengri binditíma en 90 daga sem gefnir eru út eftir 1. ágúst 2014 af:

- a) helstu lánastofnunum eða fjármálaþróunarstofnunum (e. finance development institutions) með staðfestu í Rússlandi og með yfir 50% eignarhlut eða yfirræð hins opinbera frá og með 1. ágúst 2014, sbr. skrá í viðauka,
- b) lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu utan Sambandsins sem rekstrareining, sem skráð er í viðaukanum, á yfir 50% eignarhlut í eða
- c) lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum rekstrareiningar sem um getur í b-lið eða í skránni í viðaukanum,

skulu vera bönnuð.

2. gr.

1. Lagt er bann við því að ríkisborgarar aðildarríkja selji, afhendi, tilfæri eða flytji út, með beinum eða óbeinum hætti, vopn og tengd hergögn af hvaða gerð sem er, þ.m.t. vopn og skotfæri, herfarartæki og -búnað, búnað sem ekki er ætlaður ríkisher og varahluti í fyrrnefnd tæki, til Rússlands, eða að slíkt sé gert frá yfirræðasvæðum aðildarríkja eða að skip undir fána þeirra eða loftför þeirra séu notuð í því skyni, hvort sem fyrrnefnd tæki eru upprunnin á yfirræðasvæðum þeirra eður ei.

2. Lagt er bann við því:

- a) að veita tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist herstarfsemi og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota hvers kyns vopn og tengd hergögn, þ.m.t. vopn og skotfæri, herfarartæki og -búnað, búnað sem ekki er ætlaður ríkisher og varahluti í þau, með beinum eða óbeinum hætti, til handa einstaklingi eða lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Rússlandi, eða til notkunar í Rússlandi,
- b) að veita fjármagn eða fjárhagsástoð, sem tengist herstarfsemi, þ.m.t. einkum og sér í lagi styrki, lán og útflutningsgreiðsluvátryggingar eða -ábyrgðir, sem og tryggingar og endurtryggingar, vegna sölu, afhendingar, tilfærslu eða útflutnings vopna og tengdra hergagna eða sem tengist því að veita tengda tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti til aðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Rússlandi eða til notkunar í Rússlandi.

3. Lagt er bann við því að ríkisborgarar aðildarríkjanna flytji inn, kaupi eða flytji vopn og tengd hergögn af hvaða gerð sem er, þ.m.t. vopn og skotfæri, herfarartæki og -búnað, búnað ekki ætlaðan ríkisher og varahluti í þau, frá Rússlandi, eða að skip undir fána þeirra eða loftför þeirra séu notuð í því skyni.

4. Bannið í 1., 2. og 3. mgr. skal ekki hafa áhrif á efndir samninga eða samkomulags sem gerð eru fyrir 1. ágúst 2014 og á útvegum nauðsynlegra varahluta og þjónustu vegna viðhalds og öryggis fyrirliggjandi getu í Sambandinu.

3. gr.

1. Lagt er bann við því að ríkisborgarar aðildarríkja selji, afhendi, tilfæri eða flytji út, með beinum eða óbeinum hætti, þær vörur og tækni með tvíþætt notagildi sem skráðar eru í I. viðauka við reglugerð ráðsins (EB) nr. 428/2009 frá 5. maí 2009 um að setja Bandalagsreglur um eftirlit með útflutningi, flutningi, miðlun og umflutningi hluta með tvíþætt notagildi ⁽²⁾, til hernaðarlegra nota í Rússlandi eða til endanlegs notanda á sviði hermála í Rússlandi, eða að slíkt sé gert frá yfirræðasvæðum aðildarríkja eða að skip undir fána þeirra eða loftför þeirra séu notuð í því skyni, hvort sem fyrrnefndar vörur og tækni eru upprunnin á yfirræðasvæðum þeirra eður ei.

2. Lagt er bann við því:

- a) að veita tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, sem tengist vörum og tækni, sem um getur í 1. mgr., og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessar vörur og þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti, til handa aðila, rekstrareiningu eða stofnun í Rússlandi eða til notkunar í Rússlandi,
- b) að veita fjármagn eða fjárhagsástoð, sem tengist vörum og tækni sem um getur í 1. mgr., þ.m.t. einkum og sér í lagi styrki, lán og útflutningsgreiðsluvátryggingar, vegna sölu, afhendingar, tilfærslu eða útflutnings þessara vara og tækni eða sem tengist því að veita tengda tækniástoð, miðlunarþjónustu eða aðra þjónustu, með beinum eða óbeinum hætti til aðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Rússlandi eða til notkunar í Rússlandi.

3. Bannið í 1. og 2. mgr. skal ekki hafa áhrif á efndir samninga eða samkomulags sem gerð eru fyrir 1. ágúst 2014.

4. gr.

1. Bein eða óbein sala, afhending, tilfærsla eða útflutningur ríkisborgara aðildarríkja á tiltekinni tækni sem hentar til olíuleitar og -vinnslu í djúpu vatni, á norðurskautinu eða til leirsteinsolíuverkefna í Rússlandi, eða slík sala, afhending, tilfærsla eða útflutningur frá yfirráðasvæðum aðildarríkjanna eða með skipum eða loftförum, sem lögsaga aðildarríkjanna nær til, skal háð eða háður fyrirframleyfi lögbærs stjórnvalds í útflutningsaðildarríkinu.

Evrópusambandið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ákvarða hvaða hlutir skuli falla undir þessa málsgrein.

2. Veiting:

- a) tækniástoðar eða annarrar þjónustu sem tengist þeirri tækni sem um getur í 1. mgr.,
- b) fjármagns eða fjárhagsástoðar vegna sölu, afhendingar, tilfærslu eða útflutnings á tækni, sem um getur í 1. mgr., eða sem tengist því að veita tengda tækniástoð eða -þjálfun

skal einnig háð fyrirframleyfi lögbærs stjórnvalds í útflutningsaðildarríkinu.

3. Lögbær stjórnvöld í aðildarríkjunum skulu ekki veita leyfi fyrir sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutningi þeirrar tækni, eða veitingu þeirrar þjónustu, sem um getur í 1. og 2. mgr., telji þau að viðkomandi sala, afhending, tilfærsla eða útflutningur eða veiting viðeigandi þjónustu sé ætluð til olíuleitar og -vinnslu í djúpu vatni, á norðurskautinu eða til leirsteinsolíuverkefna í Rússlandi.

4. Ákvæði 3. mgr. skal ekki hafa áhrif á efndir samninga sem gerðir eru fyrir 1. ágúst 2014.

5. gr.

Evrópusambandið skal, til að þær aðgerðir sem um getur í þessari ákvörðun hafi sem mest áhrif, hvetja þriðju ríki til að samþykkja þvingunaraðgerðir í líkingu við þær sem kveðið er á um í þessari ákvörðun.

6. gr.

Aðgerðir einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana skapa þeim ekki ábyrgð af neinu tagi, ef þeir eða þær vissu ekki, og höfðu enga réttmæta ástæðu til að ætla, að aðgerðir þeirra myndu fara í bága þær aðgerðir sem settar eru fram í þessari ákvörðun.

7. gr.

1. Óheimilt er að efna kröfur sem tengjast samningi eða viðskiptum þegar aðgerðir, sem gripið er til samkvæmt ákvörðun þessari, hafa áhrif á framkvæmd þeirra með beinum eða óbeinum hætti, í heild eða að hluta, þ.m.t. kröfur um skaðleysisbætur eða aðrar ámóta kröfur, t.d. kröfur um skuldajöfnuð eða kröfur samkvæmt ábyrgðarloforði, einkum framlengingar- eða greiðslukröfur vegna skuldabréfa, ábyrgðar eða skaðleysisbóta og þá sérstaklega fjárhagslegrar ábyrgðar eða skaðleysisbóta, í hvaða mynd sem er, ef slíkar kröfur eru settar fram af:

- a) rekstrareiningum, sem um getur í b- eða c-lið 1. gr. eða sem skráðar eru í viðaukanum,
- b) öðrum rússneskum aðila, rekstrareiningu eða stofnun eða
- c) öðrum aðila, rekstrareiningu eða stofnun sem starfar gegnum eða fyrir hönd einhvers þeirra aðila, rekstrareininga eða stofnana er um getur í a- eða b-lið þessarar málsgreinar.

2. Þegar mál er til meðferðar vegna fullnægingar kröfu skal sönnunarbyrði vegna þeirrar fullyrðingar að eigi sé bannað eftir ákvæðum 1. mgr. að efna kröfuna hvíla á þeim aðila sem leitar eftir því að kröfunni verði fullnægt.

3. Ákvæði þessarar greinar eru með fyrirvara um rétt þeirra aðila, rekstrareininga og stofnana er um getur í 1. mgr. til að skjóta málum til dómstóla sem skeri úr um lögmæti þess að samningsbundnar skyldur séu ekki uppfylltar í samræmi við ákvörðun þessa.

8. gr.

Lagt er bann við því að taka þátt, vitandi vits og af ásetningi, í starfsemi sem miðar að því, eða hefur þau áhrif, að bönnin, er um getur í 1.–4. gr., séu sniðgengin, þ.m.t. með því að taka að sér að vera staðgengill fyrir þær rekstrareiningar sem um getur í 1. gr.

9. gr.

1. Ákvörðun þessi gildir til 31. júlí 2015.
2. Hún skal vera í stöðugri endurskoðun. Hún skal endurnýjuð eða henni breytt, eftir atvikum, telji ráðið að markmiðum hennar hafi ekki verið náð.
3. Endurskoða skal þær þvingunaraðgerðir sem mælt er fyrir um í þessari ákvörðun eigi síðar en 31. október 2013, einkum með tilliti til áhrifa þeirra og aðgerða sem þriðju ríki hafa gripið til.

10. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Gjört í Brussel 31. júlí 2014.

Fyrir hönd ráðsins,

S. GOZI

forseti.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 78, 17.3.2014, bls. 16.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 134, 29.5.2009, bls. 1.

VIÐAUKI

Skrá yfir stofnanir sem um getur í a-lið 1. gr.

1. SBERBANK
2. VTB BANK
3. GAZPROMBANK
4. VNESHECONOMBANK (VEB)
5. ROSSELKHOZBANK

Fylgiskjal 13.**REGLUGERÐ RÁÐSINS (ESB) nr. 833/2014****frá 31. júlí 2014****um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu.**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 215. gr.,

með hliðsjón af ákvörðun ráðsins 2014/512/SSUÖ um þvingunaraðgerðir í ljósi aðgerða Rússlands sem grafa undan stöðugleika í Úkraínu ⁽¹⁾,

með hliðsjón af sameiginlegri tillögu frá æðsta fulltrúa Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð ráðsins (ESB) nr. 269/2014 ⁽²⁾ koma til framkvæmda tilteknar aðgerðir sem kveðið er á um í ákvörðun 2014/145/SSUÖ ⁽³⁾. Á meðal þessara aðgerða eru frysting fjármuna og efnahagslegs auðs tiltekinna einstaklinga og lögaðila, rekstrareininga og stofnana og takmarkanir á tilteknum fjárfestingum, til að bregðast við ólöglegri innlimun Kríms og Sevastopol.
- 2) Hinn 22. júlí 2014 komst ráðið að þeirri niðurstöðu að myndi Rússland ekki svara þeim kröfum, sem settar eru fram í niðurstöðum fundar leiðtoga ráðsins frá 27. júní 2014 og í niðurstöðum þess sjálfs frá 22. júlí, yrði það reiðubúið til að taka án tafar upp frekari og verulegar þvingunaraðgerðir. Því er talið rétt að beita viðbótarþvingunaraðgerðum í því skyni að hækka kostnað við aðgerðir Rússlands til að grafa undan landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu og til að stuðla að því að hættuástandinu ljúki með friðsamlegri lausn. Þessar aðgerðir verða í stöðugri endurskoðun og þær má fella tímabundið úr gildi eða afturkalla, eða bæta við þær öðrum þvingunaraðgerðum, í ljósi þróunar mála á vettvangi.
- 3) Rétt er að beita takmörkunum á útflutning tiltekinna vara og tækni með tvíþætt notagildi, eins og mælt er fyrir um í reglugerð ráðsins (EB) nr. 428/2009 ⁽⁴⁾, og tengda þjónustu og beita takmörkunum á tiltekna þjónustu í tengslum við afhendingu vopna og herbúnaðar, hafi aðildarríkin lagt viðskiptabann á slíkar vörur. Þetta bann ætti ekki að hafa áhrif á útflutning á vörum og tækni með tvíþætt notagildi, þ.m.t. til flug- og geimiðnaðar, til annarra nota en hernaðarlegra eða til endanlegra notenda á öðrum sviðum en hernaðarlegum.
- 4) Einnig er rétt að beita takmörkunum á beina eða óbeina sölu, afhendingu, tilfærslu og útflutning á tiltekinni tækni fyrir olíuðnaðinn í Rússlandi, í formi kröfu um fyrirframleyfi.
- 5) Einnig er rétt að beita takmörkunum á aðgang tiltekinna fjármálastofnana að fjármagnsmarkaði, þó ekki stofnana á rússnesku landsvæði með stöðu alþjóðastofnunar samkvæmt milliríkjasamningum þar sem Rússland er einn af hluthöfunum. Þessar takmarkanir taka ekki til annarrar fjármálaþjónustu, s.s. innlánastarfsemi, greiðsluþjónustu og lána til eða frá stofnunum, sem heyra undir þessa reglugerð, annarra en þeirra sem um getur í 5. gr.
- 6) Þessar aðgerðir falla undir gildissvið sáttmálans og því er lagasetning á vettvangi Evrópusambandsins nauðsynleg, einkum til að tryggja sé að þeim sé beitt með sama hætti í öllum aðildarríkjum.
- 7) Reglugerð þessi ætti að öðlast gildi án tafar til þess að tryggja sé að þær aðgerðir sem þar er kveðið á um skili árangri.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „vörur og tækni með tvíþætt notagildi“: þær vörur sem skráðar eru í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 428/2009,
- b) „lögbær stjórnvöld“: lögbær stjórnvöld aðildarríkjanna eins og þau eru tilgreind á vefsetrunum sem talin eru upp í I. viðauka,
- c) „tækniástoð“: hvers kyns tæknilegur stuðningur í tengslum við viðgerðir, þróun, framleiðslu, samsetningu, prófun, viðhald, eða hvers konar aðra tæknilega þjónustu, án tillits til þess hvort aðstoðin er í formi kennslu, ráðgjafar, þjálfunar, yfirfærslu þekkingar eða kunnáttu eða ráðgjafarþjónustu; tækniástoð getur einnig verið munnleg,
- d) „miðlunarþjónusta“:
 - i. að semja um eða skipuleggja viðskipti vegna kaupa, sölu eða afhendingar vara og tækni eða fjármála- eða tækniþjónustu, þ.m.t. frá þriðja landi til annars þriðja lands eða
 - ii. að selja eða kaupa vörur og tækni eða fjármála- eða tækniþjónustu, m.a. þegar þær eða hún er staðsett í þriðja landi og færa á þær eða hana til annars þriðja lands,
- e) „miðlun“: eftirfarandi þjónusta og starfsemi:
 - i. móttaka og miðlun fyrirmæla varðandi einn eða fleiri fjármálagerninga,
 - ii. framkvæmd fyrirmæla fyrir hönd viðskiptavina,
 - iii. viðskipti fyrir eigin reikning,
 - iv. stýring verðbréfasafna,
 - v. fjárfestingaráðgjöf,
 - vi. sölutrygging fjármálagerninga og/eða markaðssetning fjármálagerninga á skuldbindandi grundvelli,
 - vii. markaðssetning fjármálagerninga sem er ekki á skuldbindandi grundvelli,
 - viii. hvers konar þjónusta í tengslum við töku verðbréfa til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði eða viðskipta á markaðstorgi fjármálagerninga,

- f) „framseljanleg verðbréf“: þeir flokkar verðbréfa sem unnt er að versla með á fjármagnsmarkaði að undanskildum greiðsluskjölum sem eru t.d.:
- i. hlutabréf í fyrirtækjum og önnur verðbréf sem eru ígildi hlutabréfa í fyrirtækjum, sameignarfélögum eða öðrum einingum og innlánskírteini vegna hlutabréfa,
 - ii. skuldabréf eða tryggð skuldaskjöl, þ.m.t. innlánskírteini vegna slíkra verðbréfa,
 - iii. önnur verðbréf sem veita rétt til að kaupa eða selja framseljanleg verðbréf eða leiða til uppgjörs í reiðufé,
- g) „peningamarkaðsgerningar“: þeir flokkar gerninga sem viðskipti fara venjulega fram með á peningamarkaði, s.s. ríkisvixlar, innlánskírteini og viðskiptabréf, að undanskildum greiðslugerningum,
- h) „lánastofnun“: fyrirtæki sem starfar við að taka á móti innlánnum eða öðrum endurgreiðanlegum fjármunum frá almenningi og veita lán fyrir eigin reikning,
- i) „yfirráðasvæði Evrópusambandsins“: þau yfirráðasvæði aðildarríkjanna sem sáttmálinn tekur til, samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í sáttmálanum, þ.m.t. loftrými þeirra.

2. gr.

1. Lagt skal bann við því að selja, afhenda, tilfæra eða flytja út, með beinum eða óbeinum hætti, vörur og tækni með tvíþætt notagildi, hvort sem þær eru upprunnar í Evrópusambandinu eða ekki, til einstaklings eða lögpersónu, rekstrareiningar eða stofnunar í Rússlandi, eða til notkunar í Rússlandi, ef þær eru eða kunna að vera, í heild eða að hluta, ætlaðar til hernaðarlegra nota eða fyrir endanlegan notanda á sviði hermála.

Ef endanlegur notandi er Rússlandsher skal líta svo á að hverjar þær vörur og tækni með tvíþætt notagildi sem hann kaupir séu til hernaðarnota.

2. Við afgreiðslu beiðna um leyfi, í samræmi við reglugerð ráðsins (EB) nr. 428/2009, skulu lögbær stjórnvöld ekki veita leyfi til útflutnings til handa einstaklingi eða lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Rússlandi eða til notkunar í Rússlandi ef þau hafa réttmætar ástæður til að ætla að endanlegur notandi sé á sviði hermála eða að vörurnar séu til hernaðarnota.

Lögbærum stjórnvöldum er þó heimilt að gefa leyfi ef slíkur útflutningur varðar efndir á skuldbindingu sem rekja má til sammings eða samkomulags sem gert var fyrir 1. ágúst 2014.

Útflytjendur skulu veita viðkomandi lögbærum stjórnvöldum allar viðeigandi og nauðsynlegar upplýsingar vegna umsókna sinna um útflutningsleyfi.

3. gr.

1. Gera skal kröfu um fyrirframleyfi vegna sölu, afhendingar, tilfærslu eða útflutnings, með beinum eða óbeinum hætti, á tækni sem er skráð í II. viðauka, hvort sem hún rekur uppruna sinn til Sambandsins eða ekki, til einstaklings eða lögpersónu, rekstrareiningar eða stofnunar í Rússlandi eða í öðru landi ef nota á slíkan búnað eða tækni í Rússlandi.

2. Lögbær stjórnvöld í því aðildarríki þar sem útflytjandinn hefur staðfestu skulu veita fyrirnefnt leyfi vegna allrar sölu, afhendingar, tilfærslu eða útflutnings sem leyfis er krafist fyrir samkvæmt þessari grein og skal hún vera í samræmi við ítarlegar reglur sem mælt er fyrir um í 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 428/2009. Leyfið gildir í gervöllu Evrópusambandinu.

3. Í II. viðauka skal telja tiltekna tækni sem hentar olíuðnaðinum til olíuleitar og -vinnslu í djúpu vatni, á norðurskautinu eða til leirsteinsolíuverkefna í Rússlandi.

4. Útflytjendur skulu veita viðkomandi lögbærum stjórnvöldum allar viðeigandi og nauðsynlegar upplýsingar vegna umsókna sinna um útflutningsleyfi.

5. Lögbær stjórnvöld skulu ekki veita leyfi fyrir sölu, afhendingu, tilfærslu eða útflutningi þeirrar tækni sem fellur undir II. viðauka ef þau hafa réttmætar ástæður til að ætla að sala, afhending, tilfærslu eða útflutningur tækninnar sé vegna verkefna er varða olíuleit og -vinnslu í djúpu vatni eða á norðurskautinu eða til leirsteinsolíuverkefna í Rússlandi.

Lögbærum stjórnvöldum er þó heimilt að gefa leyfi ef slíkur útflutningur varðar efndir á skuldbindingu sem rekja má til sammings eða samkomulags sem gert var fyrir 1. ágúst 2014.

6. Viðkomandi lögbær stjórnvöld geta, eftir þeim skilyrðum sem sett eru fram í 5. mgr., ógilt útflutningsleyfi, sem þau hafa veitt, fellt þau tímabundið niður, breytt þeim eða afturkallað.

7. Ef lögbært stjórnvöld synjar um leyfi eða ógildir leyfi, fellir það niður tímabundið, takmarkar verulega eða afturkallar það í samræmi við 5. eða 6. mgr. skal hlutaðeigandi aðildarríki tilkynna hinum aðildarríkjum og

framkvæmdastjórninni um það og deila viðeigandi upplýsingum með þeim en fylgja jafnframt ákvæðum um upplýsingaleynd í reglugerð ráðsins (EB) nr. 515/97 (⁶).

8. Áður en aðildarríki veitir leyfi skv. 5. mgr. vegna viðskipta, sem eru eins í meginatriðum og viðskipti sem gildandi neitun, sem annað aðildarríki eða önnur aðildarríki hafa gefið út skv. 6. og 7. mgr., á við um, skal það áður eiga samráð við það eða þau aðildarríki sem gáfu neitunina út. Ef hlutaðeigandi aðildarríki ákveður, eftir að fyrrnefndu samráði er lokið, að veita leyfi, skal það tilkynna hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni um það og veita allar viðeigandi upplýsingar í því skyni að útskýra ákvörðun sína.

4. gr.

1. Lagt er bann við því:

- a) að láta í té, með beinum eða óbeinum hætti, tækniástoð, sem tengist þeim vörum og þeirri tækni sem eru á hinum sameiginlega hergagnalista (⁶) eða sem tengist því að útvega, framleiða, viðhalda og nota vörur sem eru á þeim lista, til handa einstaklingi eða lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Rússlandi eða til notkunar í Rússlandi,
- b) að veita, með beinum eða óbeinum hætti, fjármagn eða fjárhagsástoð sem tengist vörum og tækni sem eru á sameiginlega hergagnalistanum, þ.m.t. einkum og sér í lagi, styrkir, lán og útflutningsgreiðsluvátryggingar eða -ábyrgðir, vegna sölu, afhendingar, tilfærslu eða útflutnings slíkra hluta eða sem tengist því að veita tengda tækniástoð til einstaklings eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Rússlandi eða til notkunar í Rússlandi,
- c) að veita, með beinum eða óbeinum hætti, tækniástoð eða miðlunarþjónustu sem tengist vörum og tækni með tvíþætt notagildi eða því að útvega, framleiða, viðhalda og nota slíkar vörur eða tækni, til handa einstaklingi eða lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Rússlandi, eða til notkunar í Rússlandi, ef hlutirnir eru eða kunna að vera, í heild eða að hluta, ætlaðir til hernaðarlegra nota eða fyrir endanlegan notanda á sviði hermála,
- d) að veita, með beinum eða óbeinum hætti, fjármagn eða fjárhagsástoð sem tengist vörum og tækni með tvíþætt notagildi, þ.m.t. einkum og sér í lagi, styrkir, lán og útflutningsgreiðsluvátryggingar, vegna sölu, afhendingar, tilfærslu eða útflutnings slíkra hluta eða sem tengist því að veita tengda tækniástoð til einstaklings eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Rússlandi eða til notkunar í Rússlandi, ef hlutirnir eru eða kunna að vera, í heild eða að hluta, ætlaðir til hernaðarlegra nota eða fyrir endanlegan notanda á sviði hermála.

2. Bannið í 1. mgr. skal ekki hafa áhrif á efnidir skuldbindingar sem rekja má til sammings eða samkomulags sem gert er fyrir 1. ágúst 2014 og á útvegum nauðsynlegrar aðstoðar vegna viðhalds og öryggis fyrirbyggjandi getu í ESB.

3. Að láta í té eftirfarandi er háð leyfi hlutaðeigandi lögbærs stjórnvalds:

- a) tækniástoð eða miðlunarþjónustu, sem tengist þeirri tækni sem skráð er í II. viðauka og því að útvega, framleiða, viðhalda og nota þessa hluti, beint eða óbeint, til handa einstaklingi eða lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun í Rússlandi eða, ef slík ástoð varðar tækni til notkunar í Rússlandi, til handa aðila, rekstrareiningu eða stofnun í öðru landi,
- b) fjármagn eða fjárhagsástoð, sem tengist tækni sem um getur í II. viðauka, þ.m.t. einkum og sér í lagi, styrkir, lán og útflutningsgreiðsluvátryggingar, vegna sölu, afhendingar, tilfærslu eða útflutnings slíkra hluta eða sem tengist því að veita tengda tækniástoð, með beinum eða óbeinum hætti, til einstaklings eða lögaðila, rekstrareiningar eða stofnunar í Rússlandi eða, ef slík ástoð varðar tækni til notkunar í Rússlandi, til aðila, rekstrareiningar eða stofnunar í öðru landi.

4. Ef beðið er um leyfi skv. 3. mgr. þessarar greinar skal 3. gr., og þá einkum 2. og 5. mgr. hennar, gilda að breyttu breytanda.

5. gr.

Lagt er bann við því að kaupa, selja, miðla eða aðstoða við að gefa út eða eiga á annan hátt viðskipti, með beinum eða óbeinum hætti, með framseljanleg verðbréf og peningamarkaðsgerninga með lengri binditíma en 90 daga, sem gefin eru út eftir 1. ágúst 2014 af:

- a) stórrí lánastofnun eða annarri stórrí stofnun, sem hefur skýrt umboð til að efla samkeppnishæfni rússneska hagkerfisins, auka fjölbreytni þess og hvetja til fjárfestinga, með staðfestu í Rússlandi og með yfir 50% eignarhlut eða yfirráð hins opinbera frá og með 1. ágúst 2014, sbr. skrá í III. viðauka eða
- b) lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun með staðfestu utan Sambandsins, sem rekstrareining, sem skráð er í III. viðauka, á yfir 50% eignarhlut í, eða

- c) lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, sem kemur fram fyrir hönd eða starfar eftir fyrirmælum rekstrareiningar sem um getur í b-lið þessarar málsgreinar eða í skránni í III. viðauka.

6. gr.

1. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu upplýsa hvert annað um þær aðgerðir sem gripið er til samkvæmt reglugerð þessari og veita hvert öðru aðrar upplýsingar sem máli skipta og þau búa yfir í tengslum við reglugerð þessa, einkum upplýsingar:

- a) um leyfi sem veitt eru skv. 3. gr.,
- b) um brot á ákvæðum hennar og vandkvæði samfara framkvæmd hennar, ásamt upplýsingum um dóma innlendra dómstóla.

2. Aðildarríkin skulu tafarlaust upplýsa hvert annað og framkvæmdastjórnina um aðrar viðeigandi upplýsingar sem þau búa yfir og gætu haft áhrif á skilvirka framkvæmd reglugerðar þessarar.

7. gr.

Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að breyta I. viðauka á grundvelli upplýsinga sem aðildarríkin láta í té.

8. gr.

1. Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn ákvæðum reglugerðar þessarar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlög sem kveðið er á um skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um reglurnar, sem um getur í 1. mgr., strax eftir að reglugerð þessi öðlast gildi og tilkynna henni um allar breytingar sem kunna að verða gerðar síðar.

9. gr.

1. Aðildarríkin skulu tilnefna þau lögbæru stjórnvöld er um getur í þessari reglugerð og tilgreina þau á vefsetrunum sem talin eru upp í I. viðauka. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um allar breytingar á vefköngum vefsetra sinna sem eru talin upp í I. viðauka.

2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um hver lögbær stjórnvöld þeirra eru, m.a. um hvernig ná má sambandi við þau, strax eftir að þessi reglugerð öðlast gildi og tilkynna henni um allar breytingar sem kunna að verða gerðar síðar.

3. Sé gerð krafa, samkvæmt reglugerð þessari, um að senda framkvæmdastjórninni tilkynningar eða upplýsingar eða hafa samband við hana á annan hátt skulu heimilisfang og aðrar samskiptaupplýsingar, sem nota skal til slíkra samskipta, vera þau sem gefin eru upp í I. viðauka.

10. gr.

Aðgerðir einstaklinga, lögaðila, rekstrareininga eða stofnana skapa þeim ekki ábyrgð af neinu tagi, ef þeir eða þær vissu ekki, og höfðu enga réttmæta ástæðu til að ætla, að aðgerðir þeirra myndu fara í bága þær aðgerðir sem settar eru fram í þessari reglugerð.

11. gr.

1. Óheimilt er að efna kröfur sem tengjast samningi eða viðskiptum þegar aðgerðir, sem gripið er til samkvæmt reglugerð þessari, hafa áhrif á framkvæmd þeirra með beinum eða óbeinum hætti, í heild eða að hluta, þ.m.t. kröfur um skaðleysisbætur eða aðrar ámóta kröfur, t.d. kröfur um skuldajöfnuð eða kröfur samkvæmt ábyrgðarloforði, einkum framlengingar- eða greiðslukröfur vegna skuldabréfa, ábyrgðar eða skaðleysisbóta og þá sérstaklega fjárhagslegrar ábyrgðar eða skaðleysisbóta, í hvaða mynd sem er, ef slíkar kröfur eru settar fram af:

- a) rekstrareiningum sem um getur í b- eða c-lið 5. gr. eða sem skráðar eru í III. viðauka,
- b) öðrum rússneskum aðila, rekstrareiningu eða stofnun,
- c) öðrum aðila, rekstrareiningu eða stofnun sem starfar gegnum eða fyrir hönd einhvers þeirra aðila, rekstrareininga eða stofnana er um getur í a- eða b-lið þessarar málsgreinar.

2. Þegar mál er til meðferðar vegna fullnægingar kröfu skal sönnunarbyrði vegna þeirrar fullyrðingar að eigi sé bannað eftir ákvæðum 1. mgr. að efna kröfuna hvíla á þeim aðila sem leitar eftir því að kröfunni verði fullnægt.

3. Ákvæði þessarar greinar eru með fyrirvara um rétt þeirra aðila, rekstrareininga og stofnana er um getur í 1. mgr. til að skjóta málum til dómstóla sem skeri úr um lögmæti þess að sanningsbundnar skyldur séu ekki uppfylltar í samræmi við reglugerð þessa.

12. gr.

Lagt er bann við því að taka þátt, vitandi vits og af ásetningu, í starfsemi sem miðar að því, eða hefur þau áhrif, að bönnin, er um getur í 2., 4. og 5. gr., séu sniðgengin, þ.m.t. með því að taka að sér að vera staðgengill fyrir þær rekstrareingar sem um getur í 5. gr.

13. gr.

Reglugerð þessi gildir:

- a) á yferráðasvæði Sambandsins,
- b) um borð í loftförum eða skipum sem lögsaga aðildarríkis nær til,
- c) um sérhvern aðila innan eða utan yferráðasvæðis Evrópusambandsins sem er ríkisborgari í aðildarríki,
- d) um sérhvern lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun, innan eða utan yferráðasvæðis Sambandsins, sem er skráð eða löglega stofnuð samkvæmt lögum aðildarríkis,
- e) um sérhvern lögaðila, rekstrareiningu eða stofnun að því er varðar viðskipti sem fara fram, að öllu leyti eða að hluta, innan Sambandsins.

14. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. júlí 2014.

Fyrir hönd ráðsins,

S. GOZI

forseti.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 229, 31.7.2014, bls. 13.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 78, 17.3.2014, bls. 6.

⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins 2014/145/SSUÖ frá 17. mars 2014 um þvingunaraðgerðir með tilliti til aðgerða sem grafa undan eða ógna landamærahelgi, fullveldi og sjálfstæði Úkraínu (Stjtið. ESB L 78, 17.3.2014, bls.16).

⁽⁴⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 428/2009 frá 5. maí 2009 um að setja Bandalagsreglur um eftirlit með útflutningi, flutningi, miðlun og umflutningi hluta með tvíþætt notagildi (Stjtið. ESB L 134, 29.5.2009, bls. 1).

⁽⁵⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 515/97 frá 13. mars 1997 um gagnkvæma aðstoð stjórnvalda í aðildarríkjunum og samvinnu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar til að tryggja rétta beitingu tolla- og landbúnaðarlaga (Stjtið. EB L 82, 22.3.1997, bls. 1).

⁽⁶⁾ Síðasta útgáfa er birt í Stjtið. ESB C 107, 9.4.2014, bls. 1.

I. VIÐAUKI

Vefsetur þar sem veittur er aðgangur að upplýsingum um lögbær stjórnvöld og heimilisfang þar sem tekið er við tilkynningum til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

Viðaukinn er ekki birtur hér þar sem hann á ekki við, sbr. f-lið 3. gr. reglugerðar þessarar.

II. VIÐAUKI

Skrá yfir tækni sem um getur í 3. gr.

SN-númer	Lýsing
7304 11 00	Line pipe of a kind used for oil or gas pipelines, seamless, of stainless steel
7304 19 10	Line pipe of a kind used for oil or gas pipelines, seamless, of iron or steel, of an external diameter not exceeding 168,3 mm (excl. products of stainless steel or of cast iron)

SN-númer	Lýsing
7304 19 30	Line pipe of a kind used for oil or gas pipelines, seamless, of iron or steel, of an external diameter exceeding 168,3 mm but not exceeding 406,4 mm (excl. products of stainless steel or of cast iron)
7304 19 90	Line pipe of a kind used for oil or gas pipelines, seamless, of iron or steel, of an external diameter exceeding 406,4 mm (excl. products of stainless steel or of cast iron)
7304 22 00	Drill pipe, seamless, of stainless steel, of a kind used in drilling for oil or gas
7304 23 00	Drill pipe, seamless, of a kind used in drilling for oil or gas, of iron or steel (excl. products of stainless steel or of cast iron)
7304 29 10	Casing and tubing of a kind used for drilling for oil or gas, seamless, of iron or steel, of an external diameter not exceeding 168,3 mm (excl. products of cast iron)
7304 29 30	Casing and tubing of a kind used for drilling for oil or gas, seamless, of iron or steel, of an external diameter exceeding 168,3 mm, but not exceeding 406,4 mm (excl. products of cast iron)
7304 29 90	Casing and tubing of a kind used for drilling for oil or gas, seamless, of iron or steel, of an external diameter exceeding 406,4 mm (excl. products of cast iron)
7305 11 00	Line pipe of a kind used for oil or gas pipelines, having circular cross-sections and an external diameter of exceeding 406,4 mm, of iron or steel, longitudinally submerged arc welded
7305 12 00	Line pipe of a kind used for oil or gas pipelines, having circular cross-sections and an external diameter of exceeding 406,4 mm, of iron or steel, longitudinally arc welded (excl. products longitudinally submerged arc welded)
7305 19 00	Line pipe of a kind used for oil or gas pipelines, having circular cross-sections and an external diameter of exceeding 406,4 mm, of flat-rolled products of iron or steel (excl. products longitudinally arc welded)
7305 20 00	Casing of a kind used in drilling for oil or gas, having circular cross-sections and an external diameter of exceeding 406,4 mm, of flat-rolled products of iron or steel
7306 11	Line pipe of a kind used for oil or gas pipelines, welded, of flat-rolled products of stainless steel, of an external diameter of not exceeding 406,4 mm
7306 19	Line pipe of a kind used for oil or gas pipelines, welded, of flat-rolled products of iron or steel, of an external diameter of not exceeding 406,4 mm (excl. products of stainless steel or of cast iron)
7306 21 00	Casing and tubing of a kind used in drilling for oil or gas, welded, of flat-rolled products of stainless steel, of an external diameter of not exceeding 406,4 mm
7306 29 00	Casing and tubing of a kind used in drilling for oil or gas, welded, of flat-rolled products of iron or steel, of an external diameter of not exceeding 406,4 mm (excl. products of stainless steel or of cast iron)
8207 13 00	Rock-drilling or earth-boring tools, interchangeable, with working parts of sintered metal carbides or cermets
8207 19 10	Rock-drilling or earth-boring tools, interchangeable, with working parts of diamond or agglomerated diamond
8413 50	Reciprocating positive displacement pumps for liquids, power-driven (excl. those of subheading 8413 11 and 8413 19, fuel, lubricating or cooling medium pumps for internal combustion piston engine and concrete pumps)
8413 60	Rotary positive displacement pumps for liquids, power-driven (excl. those of subheading 8413 11 and 8413 19 and fuel, lubricating or cooling medium pumps for internal combustion piston engine)
8413 82 00	Liquid elevators (excl. pumps)
8413 92 00	Parts of liquid elevators, n.e.s.
8430 49 00	Boring or sinking machinery for boring earth or extracting minerals or ores, not self-propelled and not hydraulic (excl. tunnelling machinery and hand-operated tools)
ex 8431 39 00	Parts of machinery of heading 8428, n.e.s.

SN-númer	Lýsing
ex 8431 43 00	parts for boring or sinking machinery of subheading 8430 41 or 8430 49, n.e.s.
ex 8431 49	Parts of machinery of heading 8426, 8429 and 8430, n.e.s.
8705 20 00	Mobile drilling derricks
8905 20 00	Floating or submersible drilling or production platforms
8905 90 10	Sea-going light vessels, fire-floats, floating cranes and other vessels, the navigability of which is subsidiary to their main function (excl. dredgers, floating or submersible drilling or production platforms; fishing vessels and warships)

III. VIÐAUKI

Skrá yfir stofnanir sem um getur í a-lið 5. gr.

1. SBERBANK
2. VTB BANK
3. GAZPROMBANK
4. VNESHECONOMBANK (VEB)
5. ROSSELKHOZBANK

B-deild – Útgáfud.: 28. október 2014